

Hafnarfjörður 16.11.2018.

Stuðlaskarð 1-15, fjölgun íbúða málsnr. 1705472

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 23.10.2018 s.l. var tekið fyrir erindi Byggingarfélags Gylfa og Gunnars um fjölgun íbúða á lóðunum Stuðlaskarð 1-15. Skipulags- og byggingarráð óskaði eftir ítarlegri upplýsingum um erindið.

Með tölvupósti dags. 08.11.2018 gerir Hörður M. Gylfason grein fyrir fyrirhugaðri fjölgun íbúða. Þar kemur fram að heildar fjöldi íbúða verði 56, á grundvelli þess sjónarmiðs, hvernig lóðarhafi hyggst „nýta úthlutaða fermetra“.

Samkvæmt gildandi skilmálum er gert ráð fyrir allt að 32 íbúðum á umræddri lóð. Fyrirliggjandi tillaga fer því fram á fjölgun um 24.

Slík fjölgun er fordæmisgefandi og ekki góð til eftirbreytni frá skipulagslegu sjónarmiði og með heildar skipulag Skarðshlíðarinnar í huga.

Áhrif slíkrar fjölgunar mun gæta í gatna- og bílastæðamálum, að ekki sé minnst á skóla- og leikskólamál svo að nokkur skipulagsleg sjónarmið séu nefnd.

Jafnframt er vakin athygli á úthlutunarskilmálum ofnagreiðrar lóðar frá 11.11.2016 en þar segir í gr. 1.1

1.1 Breyting á deiliskipulagi

Hafnarfjarðarbær óskaði eftir tilboðum í fjöleignarhúsalóðir í samræmi við deiliskipulag Skarðshlíðar sem öðlaðist gildi þann 1. september 2016. Engar deiliskipulagsbreytingar verða heimilaðar vegna mannvirkja eða einstakra lóða í Skarðshlíð 1. áfanga.

Undir þessa úthlutunarskilmála skrifa hlutaðeigandi aðilar með eftirfarandi hætti:

Ég undirritaður f.h. rétthafa lóðarinnar nr. 1 við **Stuðlaskarð** lýsi hér með yfir, að ég hef kynnt mér ofanritaða úthlutunarskilmála dagsetta 11.11.2016 og skuldbind mig til að hlíta þeim að öllu leyti.

Bygg. Gylfi og Gunnar HE.
Nafn

681290-2309 6937300
Kennitala Sími

BORGARLÍÐ 3.105.R
Heimilisfang

HELDUR M. GYLFASSON
Nafn

310355-5349 6937310.
Kennitala Sími

Hafnarfjörður 9. Kóp.
Heimilisfang

Með vísan til þess sem að framan er sagt, er ekki hægt að verða við þessu erindi án verulegrar heildar endurskoðunar á deiliskipulagi 1. áfanga Skarðshlíðar. Lagt er til að erindinu verði synjað.

ÞS Skipulagsfulltrúi.